

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphreinsun í Skaftárhreppi 2001.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 275/2000.

#### 2. gr.

Innheimta skal sorphreinsunargjald að lágmarki kr. 10.488 af hverri íbúð.

Gjöld vegna sumarhúsa skulu vera að lágmarki kr. 5.244 af hverju húsi þar sem regluleg sorphreinsun fer fram. Gjöld vegna annarra sumarhúsa skulu vera að lágmarki kr. 2.622.

Fyrirtæki skulu greiða sorphreinsunargjöld að lágmarki kr. 10.488 fyrir hvert fyrirtæki. Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og þeir sem stunda búrekstur á jörðum í sveitarfélaginu.

Sorphreinsunargjöld skulu að jafnaði innheimt með fasteignagjöldum eða með sérstökum reikningi þar sem það á við.

#### 3. gr.

Sorphreinsunargjaldið er sem hér segir:

	kr.
a. Íbúðir	10.488
b. Sumarhús	5.244
c. Önnur sumarhús	2.622
d. Fyrirtæki	
Flokkur A	10.488
Flokkur B	20.976
Flokkur C	41.925
Flokkur D	83.904
Flokkur E	104.880
Flokkur F	125.856

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni eða rúmmáli úrgangs.

#### 4. gr.

Fyrirtæki geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt d-lið 3. greinar. Sveitarstjórn er einnig heimilt að endurávarða flokkun vegna breytinga á rekstri fyrirtækja eða vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 275/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

*Kirkjubæjarklaustri, 15. janúar 2001.*

**Ólafía Jakobsdóttir** sveitarstjóri.